

# Frumvarp til fjáráukalaga

## fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020.

(Lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020.)

---

### Efnisyfirlit

#### Lagagreinar

1. gr. Fjárheimildir málefnasviða .....	3
2. gr. Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka .....	4
3. gr. Heimildir .....	5

#### Sundurliðun

1. Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum .....	6
---	---

#### Athugasemdir

Inngangur .....	18
1. Gjöld A-hluta .....	21
2. Heimildir .....	26
Athugasemdir við einstaka málaflokka .....	27



# A-hluti

## Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka

1. gr.  
Eftirtaldir breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2020 um fjárheimildir málefnasviða í A-hluta.

Rekstrargrunnur, mkr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildarfjár- heimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....		1.250	500		1.750		1.750
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	25	380			405		405
09 Almanna- og réttaröryggi .....	15				15		15
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....		250			250		250
20 Framhaldsskólastig .....	250	50			300		300
21 Háskólastig .....	500	300			800		800
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	850				850		850
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	690				690		690
29 Fjölskyldumál .....	800	200			1.000		1.000
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....		4.200			4.200		4.200
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	450				450		450
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafaðir .....		2.500			2.500		2.500
<b>Samtals .....</b>	<b>3.580</b>	<b>9.130</b>	<b>500</b>		<b>13.210</b>		<b>13.210</b>

# A-hluti

## Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka

2. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2020 um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka í A-hluta, sundurlíðaðar eftir ráðuneytum.

Rekstrangurinnur, m.kr.	Eðsta stjörn ríkisins	Forsætisráðuneyti	Mennta- og menntamálaráðuneyti	Utánríkisráðuneyti	Atv.veg- og nýsköpunar- ráðuneyti	Dómsmála- og efnahags- ráðuneyti	Félagsmála- og Heilbrigðis- ráðuneyti	Fjármála- og Samgöngu- og Umhverfis- og atvinnu- ráðuneyti	Heildarfjárlagur ríkissjóðs	Framlag úr heimild
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b>										
07.10 Vísindi og samkeppnisstöðir í rannsóknum										
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar										
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>										
08.10 Framlög til sveitarfélaga										
08.20 Bygðamál										
<b>09 Almanna- og réttaröryggi</b>										
09.10 Löggesla										
<b>18 Menning, listir, iðrótta- og askulýðsmál</b>										
18.30 Menningarsjóðir										
<b>20 Framhaldskólastig</b>										
20.10 Framhaldsskólar										
<b>21 Háskólastig</b>										
21.10 Háskólar og rannsóknastarfssemi										
<b>23 Sjúkrahúsþjónusta</b>										
23.10 Sérhæfð sjúkráhusþjónusta										
23.20 Almenn sjúkráhusþjónusta										
<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkráhusa</b>										
24.10 Heilsugesla										
<b>29 Fjölskyldumál</b>										
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn										
<b>30 Vinnuarkaður og atvinnuleysi</b>										
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi										
<b>32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála</b>										
32.40 Stjórnsýsla félagsmála										
<b>34 Almennur varasjóðir og sérþækar fjárráðstafafr</b>										
34.20 Sérþækar fjárráðstafafr										
<b>Samtals</b>										

Ýmis ákvæði  
**Heimildir**

3. gr.

Eftirtalin breyting verður á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2020:

**Nýr liður:**

- 7.33 Að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs að fullu á höfuðstól lána, að meðtöldum vöxtum, til að styðja við einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Meðal skilyrða fyrir lánunum er tekjusamdráttur rekstraraðila á árinu 2020, að lánin séu veitt fyrir lok árs 2020 og að þau séu eingöngu nýtt til að standa undir rekstrarkostnaði lánþega. Jafnframt er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um að annast umsýslu vegna ábyrgðar ríkissjóðs á lánunum.

## Sundurliðun 1

**Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum****07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar****07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum***04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti*

Fjármagnstilfærslur .....	500,0
---------------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	500,0
-----------------------------	-------

**07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar***04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti*

Rekstrartilfærslur .....	1.250,0
--------------------------	---------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	1.250,0
-----------------------------	---------

<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, heildargjöld .....</b>	<b>1.750,0</b>
--	----------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>1.750,0</b>
------------------------------------	----------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

### 08.10 Framlög til sveitarfélaga

#### 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Rekstrarframlög .....	25,0
Rekstrartilfærslur .....	100,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>125,0</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	125,0

### 08.20 Byggðamál

#### 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	280,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	280,0

<b>08 Sveitarfélög og byggðamál, heildargjöld .....</b>	<b>405,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>405,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## **09 Almanna- og réttaröryggi**

### **09.10 Löggæsla**

#### *06 Dómsmálaráðuneyti*

Rekstrarframlög ..... 15,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 15,0

**09 Almanna- og réttaröryggi, heildargjöld ..... 15,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 15,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**



## **18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál**

### **18.30 Menningarsjóðir**

#### *02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti*

Rekstrartilfærslur ..... 250,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 250,0

**18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál, heildargjöld ..... 250,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 250,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 20 Framhaldsskólastig

### 20.10 Framhaldsskólar

#### 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 250,0

Rekstrartilfærslur ..... 50,0

**Heildarfjárheimild ..... 300,0**

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 300,0

**20 Framhaldsskólastig, heildargjöld ..... 300,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 300,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 21 Háskólastig

### 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi

#### 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	500,0
Rekstrartilfærslur .....	300,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>800,0</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	800,0

<b>21 Háskólastig, heildargjöld .....</b>	<b>800,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>800,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 23 Sjúkrahúsjónusta

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsjónusta

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 750,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 750,0

### 23.20 Almenn sjúkrahúsjónusta

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 100,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 100,0

**23 Sjúkrahúsjónusta, heildargjöld ..... 850,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 850,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

### 24.10 Heilsugæsla

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	690,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	690,0
-----------------------------	-------

<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, heildargjöld .....</b>	<b>690,0</b>
---	--------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>690,0</b>
------------------------------------	--------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

## 29 Fjölskyldumál

### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

#### 07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 800,0

Rekstrartilfærslur ..... 200,0

**Heildarfjárheimild ..... 1.000,0**

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 1.000,0

**29 Fjölskyldumál, heildargjöld ..... 1.000,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 1.000,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

### 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

#### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

##### 07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 4.200,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 4.200,0

**30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld ..... 4.200,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 4.200,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

### 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

#### 07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	450,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	450,0
-----------------------------	-------

<b>32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála, heildargjöld .....</b>	<b>450,0</b>
--	--------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>450,0</b>
------------------------------------	--------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------



### **34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir**

#### **34.20 Sértækar fjárráðstafanir**

##### *09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti*

Rekstrartilfærslur ..... 2.500,0

##### Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 2.500,0

**34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir, heildargjöld ..... 2.500,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 2.500,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

Athugasemdir.

## Inngangur

Útbreiðsla kórónuveirunnar og ráðstafanir til að hamla útbreiðslu hennar hafa þegar haft víðtæk efnahags- og samfélagsleg áhrif á heimsvísu. Faraldurinn hefur leitt til fjölda dauðsfalla og stjórnvöld hafa víðast hvar brugðist við með því að grípa til umfangsmikilla aðgerða í því skyni að varna útbreiðslu smitsins, s.s. með takmörkunum á ferðafrelsi, samkomuböndum, lokun tiltekinna þjónustustarfsemi, sóttkvíum og einangrun sýktra. Ljóst er að heimsbyggðin hefur ekki tekist á við faraldur af sambærilegri stærðargráðu í heila öld. Viðbrögð til þess að hefta útbreiðslu faraldursins eiga sér ekki samsvörun og efnahagslegar afleiðingar þeirra eru taldar verða bæði hastarlegri og víðtækari á heimsvísu en þekkt hefur um langa hríð. Hins vegar er ennþá mikil óvissa um hversu langvinnar afleiðingarnar verða.

Til að bregðast við efnahagslegum áhrifum af heimsfaraldrinum samþykkti ríkisstjórnin 10. mars sl. að beita sér fyrir markvissum aðgerðum sem miða að því að draga úr tjóni og að því að neikvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag vari sem skemmst, um leið og leitast er við að skapa aðstæður fyrir öflugra viðspyrnu í kjölfarið. Meðal aðgerða sem Alþingi hefur þegar veitt heimildir fyrir eru greiðsla atvinnuleysisbóta samhliða skertu starfshlutfalli, greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví, frestun á skattgreiðslum og veiting ábyrgða ríkisins á hluta lána til fyrirtækja í greiðsluvanda. Þá hefur verið ráðist í sérstakt fjárfestingaráttak og heimildir veittar fyrir markaðsátaki í ferðaþjónustu, sbr. fjáráukalagafrumvarp sem fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram þann 21. mars sl. og var samþykkt á Alþingi 30. mars sl. sem lög nr. 26/2020. Í þessum fyrsta aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar var lögð áhersla á að mæta þeirri skyndilegu röskun sem varð í stórum hluta efnahagskerfisins með því að tryggja eins og hægt var áframhaldandi ráðningarsamband launafólks og fyrirtækja og aðgengi fyrirtækja að lausafjármunum.

Frá því fyrstu aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru kynntar hafa líkur aukist á að efnahagssamdrátturinn verði dýpri og langvinnari, ekki síst vegna alþjóðlegra ferðatakmarkana með gríðarlegum áhrifum á ferðaþjónustuna. Hagkerfið stendur frammi fyrir tvíþættu áfalli sem birtist annars vegar í því að innlend eftirspurn hefur dregist hratt saman og hins vegar í alvarlegu tekjufalli í ferðaþjónustu. Útlit er fyrir að samdrátturinn vari lengur en áður var talið líklegt og margt bendir til að atvinnuleysi geti orðið meira og langvinnara og að efnahagssamdrátturinn verði meiri en áður var ráð fyrir gert. Þannig má t.d. benda á nýlega spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um horfur í heimshagkerfinu. Spáin gefur til kynna að um 3% samdráttur verði í heimsbúskapnum á þessu ári sem væri umtalsvert meiri samdráttur en í fjármálakreppunni fyrir áratug. Þá gerir spáin ráð fyrir að hagvöxtur verði enn lakari meðal þróaðra ríkja þar sem áætlað er að samdrátturinn verði yfir 6% að jafnaði. Á hinn bóginn gerir spáin ráð fyrir að öflugur viðsnúningur skili nærri 6% hagvexti á árinu 2021 á heimsvísu og 4,5% hjá þróuðum ríkjum en telja má að mun meiri óvissa sé fyrir hendi um þá útkomu<sup>1</sup>. Stóran hluta efnahagslegu áhrifanna má rekja til aðgerða stjórnvalda sem miða að því að lágmarka útbreiðslu faraldursins. Þessar aðgerðir hafa óhjákvæmilega umtalsverð efnahagsleg áhrif.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða öðrum frumvörpum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem lúta að skattamálum, stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki, sérstökum rekstrarstuðningi til einkarekinna fjölmiðla og ráðstöfunum sem varða fjárstuðning til rekstraraðila. Tilgangur

<sup>1</sup> Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, World Economic Outlook, apríl 2020.

Þessara nýju úrræða er að útvíkka frekar stuðning við hópa sem fyrri ráðstafanir ná ekki til og verja samfélagið gegn neikvæðum félagslegum, heilsufarslegum og efnahagslegum áhrifum faraldursins. Þetta frumvarp og önnur sem lögð eru fram samhliða því fela því í sér frekari viðbrögð við fyrstu afleiðingunum sem komnar eru fram af völdum hraðrar útbreiðslu faraldursins. Aðgerðirnar beinast að bráðavandanum og er – ásamt fyrirgreiðslu lánastofnana – ætlað að gera fyrirtækjum og heimilum betur kleift að halda í horfinu þar til útbreiðsla veirusjúkdómsins hefur verið stöðvuð. Ljóst er að staða og horfur breytast hratt um þessar mundir og því er nauðsynlegt að viðbrögð stjórnvalda á hverju stigi taki mið af þeim breytingum eftir því sem þeim vindur fram á árinu. Ekki er ólíklegt að stjórnvöld muni leggja til frekari ráðstafanir síðar sem muni beinast að því að bregðast við þeim afleiðingum sem eiga eftir að fylgja í kjölfarið á þeim sem þegar eru komnar fram. Þau eftirköst ættu að liggja betur fyrir á næstu vikum þegar myndin skýrist af árangri hér á landi og í helstu viðskiptalöndum af því að hefta og uppræta faraldurinn og þar með af því að aflétta höftum á efnahagsstarfsemi og ferðalög.

Líkt og í fjárukalögunum sem voru samþykkt í lok mars er hér fyrst og fremst verið að leggja til að veittar verði auknar fjárheimildir vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum faraldursins. Að öðru óbreyttu má ætla að enn annað fjárukalagafrumvarp verði jafnframt lagt fram á haustmánuðum, þá venju samkvæmt, á 151. lögjafarþingi. Gert er ráð fyrir að í því frumvarpi þurfi að afla frekari fjárheimilda, m.a. til að mæta auknum útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs á yfirstandandi ári og öðrum kostnaði af völdum heimsfaraldurs kórónuveirunnar, sem ekki rúmast innan fjárheimilda almenns varasjóðs fjárlaga, þegar kostnaðaráhrifin liggja betur fyrir.

Alþjóðlega hefur verið lögð áhersla á að ráðstafanir í opinberum fjármálum séu hnitmiðaðar, tímabundnar og styðji við þá sem eru í mestri þörf. Í forgangi er að tryggja heilbrigðiskerfinu nauðsynleg aðföng til þess að mæta heilsufarslegum afleiðingum faraldursins og lágmarka smit í samfélaginu. Þá er lögð áhersla á að viðhalda sambandi launafólks við atvinnurekendur, framleiðenda við neytendur og lánveitenda við lántakendur. Markmiðið er að varðveita þessi tengsl þannig að hagkerfið verði betur í stakk búið til þess að færast í eðlilegra horf í kjölfarið á rénun faraldursins. Þá er talið mikilvægt að styðja eins og kostur er við lífvænleg fyrirtæki sem lenda í tímabundnum erfiðleikum til þess að lágmarka langtímaáhrif faraldursins á efnahaginn. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda hafa fylgt þessum meginlínunum fram til þessa. Ástæða er til að áréttu að áhersla þessara aðgerða er sú að bregðast við þeim efnahagslegu áhrifum sem hafa verið að birtast fyrstu vikurnar eftir að faraldurinn hófst hér á landi en að þær eru ekki tæmandi.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að afkoma ríkissjóðs mun versna verulega á yfirstandandi ári og að stærðargráða hallans á greiðsluafkomunni gæti orðið umtalsvert hærra en í kjölfarið á falli bankakerfisins haustið 2008. Þetta mun óhjákvæmilega hafa umtalsverð áhrif á skuldastöðuna þegar fram í sækir en ríkissjóður er þó vel í stakk búinn til þess að mæta slíku áfalli. Þær aðgerðir sem gripið hefur verið til fram til þessa hafa það meginmarkmið að lágmarka langtímaáhrif núverandi aðstæðna á heimili og efnahag landsins. Til viðbótar þeim sérstöku ráðstöfunum vegna kórónuveirufaraldursins sem gripið hefur verið til má líta svo á að helsta mótvægisviðbragð stjórnvalda felist í því að halda uppi óbreyttum umsvifum, s.s. opinberri þjónustu og lífeyris- og bótagreiðslum, þrátt fyrir að skyndilegur tekjubrestur hafi kipt stöðunum undan fjáröflun hins opinbera. Þannig myndast umtalsverður slaki á aðhaldsstigi ríkisfjármála sem leyfir sjálfvirkum sveiflujöfnurum að virka til fulls. Hins vegar er jafn ljóst að því eru takmörk sett hversu lengi og í hvaða mæli ríkisfjármálin geta staðist slíka áraun án þess að þau láti undan síga og það fjari undan styrk þeirra til að standa undir

hlutverki sínu til lengri tíma litið. Við lausn bráðavandans má ekki missa sjónar á því að á komandi árum mun þurfa að brúa framkomið misvægi tekna og útgjalda ríkissjóðs og bæta skuldastöðuna jafnt og þétt þar til hún verður orðin hófleg að nýju.

**Efni frumvarpsins.** Líkt og kom fram hér að framan er þetta frumvarp lagt fram samhliða öðrum lagafrumvörpum með ráðstöfunum til að bregðast við efnahagsáhrifum af völdum heimsfaraldursins. Meginefni í þessu frumvarpi er tvíþætt.

Annars vegar er lögð til heimild til handa ráðherra til að leita samninga við Seðlabanka Íslands um að bankinn annist umsýslu vegna ábyrgða ríkissjóðs á lánum sem lánastofnanir veita til einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Meðal skilyrða fyrir lánunum er tekjusatráttur rekstraraðila á árinu 2020, að lánin séu veitt fyrir lok árs 2020 og að þau séu eingöngu nýtt til að standa undir rekstrarkostnaði lánþega.

Hins vegar eru í frumvarpinu lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefnasviða og málaflokka ráðuneyta sem nema rúmunum 13,2 ma.kr. sem skýrast af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða rúmlega 8,4 ma.kr. vegna félagslegra aðgerða. Í öðru lagi er gert ráð fyrir styrkingu til nýsköpunar og þróunar um 2,3 ma.kr. og í þriðja lagi er lögð fram tillaga um 2,5 ma.kr. fjárveitingu í stuðning til rekstraraðila sem var gert skylt að loka starfsemi sinni.

Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í köflunum hér á eftir.

# 1 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Eins og fram kemur í inngangi er frumvarpið lagt fram við óhefðbundnar aðstæður þar sem þjóðfélagið glímir nú við heimsfaraldur COVID-19 sjúkdómsins. Tillögur í frumvarpinu fela því einungis í sér afmarkaðar efnahagslegar mótvægisráðstafanir til að bregðast við neikvæðum heilsufarslegum og efnahagslegum áhrifum faraldursins og skapa aðstæður fyrir öfluga viðspyrnu í kjölfarið.

## 1.1 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir málefna sviða verði auknar um samtals 13.210 m.kr. og verða þá heildarfjárheimildir ársins 1.043 ma.kr. Hafa þá fjárheimildir hækkað um 39 ma.kr. frá því að fjárlög fyrir árið 2020 voru samþykkt í nóvember sl. Samtals nema heildarfjárheimildir í gildandi lögum fyrir árið 2020 um 1.030 ma.kr., þar af 1.004 ma.kr. í fjárlögum fyrir árið 2020 og 26 ma.kr. í fjárukalögum fyrir árið 2020 sem samþykkt voru í mars sl. Hækkun í þessu frumvarpi svarar til um 1,3% af áður samþykktum fjárheimildum. Þar sem áhrif COVID-19 faraldursins á efnahagsmál og ríkissjóð liggja enn ekki ljós fyrir má ætla að leitað verði eftir frekari viðbótarheimildum þegar hefðbundið frumvarp til fjárukalaga verður lagt fram á Alþingi í haust.

Rekstrargrunnur	m.kr.
<b>Heildarfjárheimild skv. fjárlögum 2020</b> .....	<b>1.004.188</b>
<b>Breyting á fjárheimildum skv. fjárukalögum fyrir árið 2020 sbr. lög nr. 26/2020</b> .....	<b>25.576</b>
<b>Breytingar á útgjaldaskuldbindingum</b> .....	<b>13.210</b>
Félagslegar aðgerðir .....	8.410
Aðgerðir fyrir námsmenn og fólk í atvinnuleit - Virkni í námi og starfi .....	5.000
Álagsgreiðslur til heilbrigðisstarfsfólks í framlínusveit .....	1.000
Stuðningur við viðkvæma hópa samfélagsins - Ýmis félagsleg úrræði .....	895
Heilsuefling í heimabyggð - Geðrækt og andlegt heilbrigði .....	540
Styrkir til sveitarfélaga og sértækur stuðningur við Suðurnes .....	975
Aðgerðir til eflingar nýsköpunar og þróunar .....	2.300
Framlag til sprota- og nýsköpunarsjóðsins Kriu .....	1.150
Framlag til nýsköpunar og þróunar í innlendri matvælaframleiðslu .....	500
Kynningarátak til að verja störf og auka verðmætasköpun innanlands .....	100
Framlag til Nýsköpunarsjóðs námsmanna .....	300
Framlag til launasjóða listamanna .....	250
Fjárstuðningur til minni rekstraraðila vegna tekjutaps .....	2.500
<b>Heildarfjárheimild 2020</b> .....	<b>1.042.974</b>

Þær tillögur sem lagðar eru fram í þessu frumvarpi eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi er um að ræða félagslegar aðgerðir, en samtals er óskað eftir 8.410 m.kr. fjárheimildum vegna þeirra. Í öðru lagi er óskað eftir 2.500 m.kr. í lokunarstyrki sem fyrirtæki og einstaklingar í atvinnurekstri sem hafa tímabundið þurft að hætta eða draga verulega úr starfsemi sinni vegna opinberra tilmæla geta sótt um. Í þriðja lagi er lögð fram tillaga um 2.300 m.kr. til að efla nýsköpun og þróun. Hér á eftir er gerð grein fyrir hverjum þessara þátta ásamt umfjöllun um

hvað felst í þeim tillögum sem lagðar eru fram. Nánari útlistun á tillögum er að finna í *greinargerð við einstaka málaflokka*, aftast í þessu frumvarpi.

**Félagslegar aðgerðir.** Samtals er lagt til að veita rúmlega 8,4 ma.kr. í félagslegar aðgerðir. Í fyrsta lagi eru lagðar til fjárheimildir er lúta að virkni í námi og starfi, allt að 5 ma.kr., sem snúa að fjórum tímabundnum verkefnum á málefnasviðum *20 Framhaldsskólastig*, *21 Háskólastig* og *30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi*. Umfangsmestu tillögurnar eru atvinnuúrræði fyrir námsmenn sem eiga engan eða takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta og námsúrræði fyrir atvinnuleitendur í sumar og næsta vetur. Vonir standa til þess að ríki og sveitarfélög geti sameiginlega skapað um 3.000 sumarstörf fyrir námsmenn með sérstöku átaki í samstarfi félagsmálaráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis næstu mánuði. Einnig er ætlunin að bjóða upp á námsframboð fyrir háskóla- og framhaldsskólanema í sumar. Bóðið verður upp á sérstök námsúrræði fyrir atvinnuleitendur á næstu 12 mánuðum til að mæta vaxandi hópi atvinnuleitenda. Markmiðið með aðgerðunum er að mæta menntunar- og virkniþörf atvinnuleitenda til að viðhalda, bæta og breyta færni vinnuafslins til sóknar þegar atvinnuástand batnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 1 ma.kr. fjárveitingu á málefnasviðum *23 Sjúkrahúsjónusta* og *24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* til sérstaks launaauka í formi eingreiðslu til þess heilbrigðisstarfsfólks sem staðið hefur í framlínunni í baráttunni við COVID-19. Greiðslurnar verða nánar útfærðar af heilbrigðisráðuneyti og forstöðumönnum viðkomandi heilbrigðisstofnana en áætlaður fjöldi þess starfsfólks sem gæti fengið þessar sérstöku álagsgreiðslur er um 3.000 manns.

Í þriðja lagi eru lagðar til fjárheimildir um *eflingu félagslegra úrræða*, allt að 895 m.kr. á fjórum málefnasviðum: *08 Sveitarfélög og byggðamál*, *09 Almanna- og réttaröryggi*, *29 Fjölskyldumál* og *32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála*. Umfangsmesta tillagan er 450 m.kr. til að vinna gegn félagslegri einangrun aldraðra og öryrkja. Félagsmiðstöðvar fyrir þessa hópa verða eflar, fjölskyldum fatlaðra barna verður veittur félagslegur stuðningur, landshlutateymi fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra styrkt og sérstök verkefni sett af stað til að styrkja stöðu barna af erlendum uppruna. Þá er lagt til að heimila sérstakar tímabundnar greiðslur til þeirra sem sinna umönnun langveikra barna sem búa við skerta þjónustu vegna áhrifa COVID-19 og er gert ráð fyrir 200 m.kr. vegna þessa. Sérstök áhersla verður lögð á aðgerðir gegn heimilisofbeldi og ofbeldis gegn börnum, samtals 215 m.kr. Meðal helstu aðgerða er aukinn stuðningur við þolendur og fjölskyldur þeirra auk viðbótarframlaga til Barnahúss. Þá verður bætt við þremur stöðugildum lögreglu í fjóra mánuði á höfuðborgarsvæðinu til að efla samstarf lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar í sumar til að auðvelda markvissari aðkomu að þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu. Þá er gert ráð fyrir 30 m.kr. til að takast á við áskoranir sem fylgja COVID-19 í félagsþjónustu og barnavernd í dreifðustu byggðum landsins.

Í fjórða lagi er lagt til að veitt verði 540 m.kr. fjárheimild á málefnasviði *24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* til verkefnisins *Heilsuefning í heimabyggð*, sem samanstendur af fjölda aðgerða. Heilsugæsluþjónusta um land allt verður stórefld með sérstakri áherslu á geðrækt og andlegt heilbrigði. Í því felst að sérhæfðu starfsfólki innan heilsugæslunnar verður fjölgað, s.s. geðlæknum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum. Þá verður fjarheilbrigðisþjónusta aukin enn frekar sem og samhæfing og samræming þjónustu heilsugæslu á landsvísi. Ætlunin er að á meðan óvissuástand í þjóðfélaginu varir verði andleg líðan íbúa markvisst vöktuð og sérstaklega stendur til að efla geðræktarstarf, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í skólum.

Í fimmta lagi er lögð til fjárheimild er lýtur að sértækum stuðningi til sveitarfélaga og Suðurnesja, samtals 975 m.kr. Þar vegur þyngst tillaga á málefnasviði *29 Fjölskyldumál* um að

verja 600 m.kr. til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila, þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tólmstundir í sumar. Þá er einnig gert ráð fyrir 250 m.kr. á málefnasviði *08 Sveitarfélög og byggðamál* til aðgerða á Suðurnesjum. Ljóst er að staðan í þeim landshluta krefst sérstakra úrræða. Staðið verður fyrir átaki í að efla félagslega þátttöku og virkni íbúa með erlendan bakgrunn ásamt því að koma á fót þverfaglegum teymum á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála. Auk þess er fyrirhugað að styrkja og þróa Reykjanes Geopark og loks að sérstakur stuðningur verði veittur til simenntunarúrræða, atvinnutengds náms og eflingar rannsókna á svæðinu. Á málefnasviði *08 Sveitarfélög og byggðamál* er auk þess gert ráð fyrir 100 m.kr. tímabundnu framlagi til að efla stafræna stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga til að koma megi á miðlægu samstarfi sveitarfélaga til þess að efla stafræna þjónustu á sveitarstjórnarstigi um landið. Jafnframt er lagt til að veita tímabundið 25 m.kr. framlag til áframhaldandi þróunar á sjálfbærnilíkani sveitarfélaga.

Framangreindar félagslegar aðgerðir voru metnar út frá áhrifum á jafnrétti kynjanna með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar. Æskilegt hefði verið að meta aðrar aðgerðir með sambærilegum hætti en ekki vannst tími til þess fyrir framlagningu frumvarpsins. Samkvæmt matinu eru aðgerðirnar ýmist taldar stuðla að auknu jafnrétti eða viðhalda óbreyttu ástandi. Mikið veltur þó á útfærslu aðgerðanna. Til að mynda er mikilvægt að gæta að kynjasjónarmiðum við útfærslu aðgerða er snúa að virkni í námi og starfi. Mikilvægt er að tryggja verði að þau störf sem sköpuð eru fyrir stúdenta og önnur atvinnu- og námsúrræði fyrir atvinnuleitendur miðist við að skapa kynjunum jöfn tækifæri og fjárhagslegt sjálfstæði. Þau verkefni sem falla undir flokkinn *efling félagslegra úrræða* eru almennt talin líkleg til að stuðla að auknu jafnrétti, sérstaklega þau sem snúa að aðgerðum gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Þá getur félagslegur og fjárhagslegur stuðningur við fjölskyldur dregið úr álagi vegna ólaunaðra umönnunarstarfa sem konur eru mun líklegri til að sinna. Það dregur þó ekki úr þeirri staðreynd að skerðing þjónustu við fötluð og langveik börn vegna COVID-19 kann að hafa neikvæð áhrif á atvinnuþátttöku foreldra, sérstaklega mæðra, og því mikilvægt að þjónustan standi aftur til boða eins fljótt og mögulegt er.

**Lokunarstyrkir til fyrirtækja.** Á málefnasviði *34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* er lagt til að veitt verði 2.500 m.kr. fjárheimild í lokunarstyrki sem rekstraráðilar, sem gert var skylt að loka samkomustöðum eða láta af starfsemi eða þjónustu skv. opinberum tilmælum um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, geti sótt um. Þessi fyrirtæki höfðu í flestum tilvikum lítil tók á því að afla tekna til að standa undir föstum kostnaði. Lokunarstyrkir þessir eru liðir í því að bæta að hluta það tekjutap sem fyrirtækin urðu fyrir og gera þeim kleift að halda í horfinu og stuðla þannig að viðhaldi atvinnustigsins og efnahagssumsvifa.

**Aðgerðir til að efla nýsköpun og þróun.** Samtals er gert ráð fyrir í frumvarpinu að veitt verði 2.300 m.kr. fjárheimild til aðgerða til að efla nýsköpun og þróun. Um er að ræða fimm aðgerðir. Á málefnasviði *07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* er í fyrsta lagi gerð tillaga um 1.150 m.kr. framlag til sprota- og nýsköpunarsjóðsins Kríu. Í öðru lagi er lagt til að veitt verði 500 m.kr. framlag til að efla nýsköpun og þróun í innlendra matvælaframleiðslu með því að setja á fót Matvælasjóð, en fyrirhugað er að stofna sjóðinn með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi. Í þriðja lagi er lagt til að 100 m.kr. verði varið í kynningarátak um að verja störf og auka verðmætasköpun á Íslandi þar sem áhersla verður lögð á að hvetja landsmenn til viðskipta við innlend fyrirtæki og velja íslenska framleiðslu, vörur, þjónustu og lausnir. Þá er í fjórða lagi lagt til að á málefnasviði *18 Menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál* verði settar 250 m.kr. í launasjóði listamanna. Með framlaginu er hægt að tryggja að 100 listamenn fái starfslaun í sex mánuði á árinu 2020. Loks

er í fimmta lagi gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi til Nýsköpunarsjóðs námsmanna á málefnasviði *21 Háskólastig* en um er að ræða þriggja mánaða laun til ungra frumkvöðla þar sem áhersla verður lögð á þjálfun í frumkvöðlamennsku og nýsköpun. Markmiðið er að sporna gegn atvinnuleysi og efla nýsköpun meðal ungs fólks.



Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög <sup>1</sup> 2020	Heimildir <sup>2</sup> 2020	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	6.893	6.893		0,0%
02 Dómstólar .....	3.379	3.379		0,0%
03 Æðsta stjórnýsla .....	2.905	2.905		0,0%
04 Utanríkismál .....	12.585	12.585		0,0%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	31.859	31.859		0,0%
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	4.122	4.122		0,0%
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	15.927	17.677	1.750	11,0%
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	23.420	23.825	405	1,7%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	30.520	30.535	15	0,0%
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	16.809	16.809		0,0%
11 Samgöngu- og fjarskipتامál .....	47.737	47.737		0,0%
12 Landbúnaður .....	16.606	16.606		0,0%
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	7.279	7.279		0,0%
14 Ferðaþjónusta .....	5.005	5.005		0,0%
15 Orkumál .....	4.522	4.522		0,0%
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.ýsla atv.mála .....	4.813	4.813		0,0%
17 Umhverfismál .....	20.586	20.586		0,0%
18 Menning, listir, íþrótta- og æskulýðsmál .....	16.158	16.408	250	1,5%
19 Fjölmíðlun .....	5.302	5.302		0,0%
20 Framhaldsskólastig .....	36.303	36.603	300	0,8%
21 Háskólastig .....	45.275	46.075	800	1,8%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála	5.550	5.550		0,0%
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	106.411	107.261	850	0,8%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	56.986	57.676	690	1,2%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	56.673	56.673		0,0%
26 Lyf og lækningavörur .....	27.020	27.020		0,0%
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks .....	75.099	75.099		0,0%
28 Málefni aldraðra .....	85.309	85.309		0,0%
29 Fjölskyldumál .....	45.461	46.461	1.000	2,2%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	36.516	40.716	4.200	11,5%
31 Húsnæðisstuðningur .....	13.497	13.497		0,0%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	11.392	11.842	450	4,0%
33 Fjármagnskostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldbind. ....	99.676	99.676		0,0%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	46.251	48.751	2.500	5,4%
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	5.918	5.918		0,0%
<b>Samtals .....</b>	<b>1.029.764</b>	<b>1.042.974</b>	<b>13.210</b>	<b>1,3%</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum áður samþykktum fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020

<sup>2</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum, sbr. frumvarp þetta

## 2 Heimildir

Í fjárukalagafrumvarpinu er lögð til frekari breyting á heimildaákvæði 6. gr. fjárlaga í tengslum við aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr tjóni vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar og skapa öfluga viðspyrnu í kjölfar faraldursins. Lagt er til að við greinina bætist einn nýr liður vegna viðbótarábyrgða ríkissjóðs á lánum til einstaklinga og lögaðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Með heimild 7.33 er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að veita lánastofnunum fulla ábyrgð á vegum ríkissjóðs á nýjum lánum til að styðja við rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tímabundnum skakkaföllum vegna heimsfaraldursins og fullnægja ákveðnum kröfum. Miðað er við að lánin verði veitt fyrir árslok 2020 og nýtist minni aðilum sem orðið hafa fyrir tímabundnum tekjusamdrætti. Fjallað er nánar um ábyrgð ríkissjóðs og skilyrði lánveitinga í frumvarpi til laga um fjárstuðning við rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru sem lagt er fram samhliða fjárukalagafrumvarpi þessu. Þá er einnig lagt til að heimilt sé að semja við Seðlabanka Íslands um að annast umsýslu vegna ábyrgðar ríkissjóðs á lánum til rekstraraðila með sambærilegum hætti og gildir um heimild 7.32 vegna ábyrgða ríkissjóðs á viðbótarlánum til fyrirtækja.

Greinargerð við einstaka málaflokka.

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 1.750 m.kr.

### 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 500 m.kr. til að efla nýsköpun og þróun í innlendra matvælaframleiðslu með stofnun Matvælasjóðs. Til stendur að Matvælasjóður verði stofnaður með sameiningu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og AVS-rannsóknasjóðs í sjávarútvegi. Við úthlutun styrkja úr sjóðnum verður sérstök áhersla lögð á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Þá mun sjóðurinn einnig styrkja við markaðssetningu á alþjóðlegum mörkuðum. Framlagning frumvarps um stofnun sjóðsins á þessum tíma er liður í örvun hagkerfisins vegna samdráttar í kjölfar COVID-19 faraldursins auk þess að stuðla að auknu fæðuöryggi í þeim aðstæðum.

### 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.250 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs, hækki um 1.150 m.kr. Markmið sjóðsins er að efla vöxt og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs með því að stuðla að virku fjármögnunarumhverfi fyrir sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Frumvarp um stofnun sjóðsins hefur verið lagt fram á Alþingi, sbr. 711. mál 150. þings. Sjóðurinn mun veita mótframlag til fjárfestingarsjóða í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum og með auknu framlagi er stefnt að fjölgun atvinnutækifæra og sköpun nýrra verðmæta.

Í öðru lagi er lagt til að 100 m.kr. verði varið í sameiginlegt kynningarátak atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og samtaka í íslensku atvinnulífi um að verja störf og auka verðmætasköpun á Íslandi. Áhersla verður lögð á að hvetja landsmenn til viðskipta við innlend fyrirtæki á fjölbreyttum sviðum og að velja íslenska framleiðslu, vörur, þjónustu og lausnir. Með því að hvetja til viðskipta við innlenda verslun og þjónustu verði þannig unnið gegn efnahagslegum samdrætti vegna heimsfaraldurs COVID-19 með það að markmiði að lágmarka áhrif á íslenskt atvinnulíf, bæði til skemmri og lengri tíma.

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 405 m.kr.

### 08.10 Framlög til sveitarfélaga

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 125 m.kr., sem skýrist af tveimur tilefnum.

Annars vegar er lögð til 100 m.kr. hækkun á framlagi til að efla stafræna tækni og þjónustu

sveitarfélaga. Áhersla verður á að hagnýta upplýsingatækninnviði sem þegar eru til staðar og þekkingu á stafrænum lausnum hins opinbera. COVID-19 faraldurinn hefur varpað ljósi á mikilvægi þess að hraða enn frekar stafrænni þróun hjá hinu opinbera. Það á bæði við að hagnýta nútímataækni við samskipti, t.d. um stjórnun og upplýsingagjöf, og ekki síst að veita órofna þjónustu. Þegar hafa verið veittir fjármunir í slík verkefni á vegum ríkisins og er framlagi þessu ætlað að tryggja stuðning við sambærilega stafræna þróun hjá sveitarfélögum.

Hins vegar er lögð til 25 m.kr. hækkun á framlagi til málaflokksins vegna þróunar á sviðsmyndalíkani sem hægt er að byggja á til framtíðar fyrir fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga. Efnahagslegar afleiðingar COVID-19 faraldursins hafa dregið fram enn betur áhrif einstakra atvinnugreina á búskap sveitarfélaganna. Þannig hefur atvinnuleysi aukist hjá þeim sveitarfélögum þar sem ferðaþjónusta er ríkjandi atvinnugrein. Sjálfbærnilíkaninu er ætlað að greina betur veikleika í búskap einstakra sveitarfélaga til að geta sett upp sviðsmyndir til að bregðast betur við þegar sambærilegar aðstæður koma upp, svo rof verði sem minnst á grunnþjónustu sem sveitarfélög bera ábyrgð á.

### **08.20 Bygðamál**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 280 m.kr. sem skýrist annars vegar af 250 m.kr. framlagi í sértækan stuðning við Suðurnes og hins vegar 30 m.kr. framlag til félagslegrar þjónustu og annarra viðfangsefna sem upp koma í tenglum við COVID-19 faraldurinn í dreifðustu byggðum landsins, s.s. varðandi barnavernd og félagsþjónustu. Stuðningurinn við Suðurnes kemur til vegna þess að ástandið á vinnumarkaði er einna verst í þeim landshluta en gjaldþrot WOW Air árið 2019 hafði einnig áhrif þar á. Tillagan snýr að eflingu á félagslegri þátttöku og virkni íbúa á Suðurnesjum með erlendan bakgrunn, en þeir eru um fimm tungur íbúanna. Þá á að koma á fót þverfaglegum teymum sem sinna samhæfingu, ráðgjöf, gæðamálum og fleiru á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála. Enn fremur verði framlagið nýtt til áframhaldandi þróunar og uppbyggingar Reykjaness Geopark. Loks er gert ráð fyrir að stutt verði við uppbyggingu á símenntunarúrræðum og atvinnutengdu námi sem og eflingu á rannsóknum á svæðinu.

## **09 Almanna- og réttaröryggi**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 15 m.kr.

### **09.10 Löggæsla**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 15 m.kr. til ráðningar þriggja starfsmanna til fjögurra mánaða hjá lögreglunni sem hafi með höndum aukið samstarf lögreglu, félagsþjónustu og barnaverndar með sterkari og markvissari aðkomu að börnum og ungmennum í viðkvæmri stöðu. Um er að ræða hluta af markvissum aðgerðum gegn heimilisofbeldi sem unnar verði með samstarfi dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis.

## **18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 250 m.kr.

### **18.30 Menningarsjóðir**

Lagt er til að 250 m.kr. verði bætt í launasjóði listamanna. Með framlaginu er hægt að tryggja að 100 listamenn fái starfslaun í sex mánuði á árinu 2020 með sömu hlutfallsskiptingu og fram kemur í lögum um listamannalaun, nr. 57/2009. Í fyrsta aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar var ákveðið að 500 m.kr. rynnu til menningarstarfs og skapandi greina, með sérstakri áherslu á sjálfstætt starfandi listamenn. Tillagan er sett fram í ljósi þess að frá því að fyrri tillaga var afgreidd hafa komið fram upplýsingar um neikvæðari horfur í íslensku efnahagslífi og almennt talið að áhrif faraldursins verði meiri en talið var í fyrstu. Þannig verði t.a.m. takmarkanir fram eftir ári vegna samkoma, sem komi sér sérstaklega illa fyrir sjálfstætt starfandi listamenn.

## **20 Framhaldsskólastig**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 300 m.kr.

### **20.10 Framhaldsskólar**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 300 m.kr. til að bjóða upp á sumarnám á framhaldsskólastigi. Boðið verður upp á stað-, dreif- og fjar nám sem nýtist í áframhaldandi nám. Námið er ýmist skipulagt sem nokkurra vikna námskeið í staðnámi eða fjar-/dreifnámi sem nær yfir mestallt sumarið. Um er að ræða annars vegar kynningaráfangu um nýsköpun, tækni og listir og hins vegar áfangu sem eru hluti af námsbrautum skólanna. Jafnframt verði boðið upp á stuttar starfsnámsleiðir. Til að koma til móts við starfsnámsnemendur á námssamningum verða tilraunaverkefni um starfsþjálfun fyrir nemendur sem ekki komast að hjá fyrirtækjum. Nám á sumarönn er bæði sniðið fyrir nemendur og einstaklinga á atvinnuleysisbótum. Markmiðið er að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks.

## **21 Háskólastig**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 800 m.kr.

### **21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 800 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Annars vegar er lögð til 500 m.kr. fjárveiting svo unnt sé að bjóða upp á sumarnám á háskólastigi. Markhópar sumarnáms í háskólum eru núverandi nemendur, framhaldsskólarnemendur (fram tíðarnemendur), fagaðilar, þátttakendur í sprotaverkefnum háskóla og atvinnulausir. Boðið verði upp á verklega kennslu og launaða starfsþjálfun fyrir nemendur sem ekki hefur verið möguleg vegna takmarkana á skólastarfi í samkomubanni. Áhersla verði á stuttar hagnýtar námsleiðir á grunn- og meistarastigi, undirbúningsnám fyrir umsækjendur um háskólanám og endurmenntun fyrir fagaðila. Nám á sumarönn er einnig sniðið að þörfum einstaklinga á atvinnuleysisbótum eða hlutabótum sem geta aukið færni sína með viðbótarnámi

og endurmenntun. Námið er ýmist einingabært eða án eininga og er hægt að meta milli háskóla í samræmi við 10. gr. laga um háskóla nr. 63/2006. Markmiðið er að sporna gegn atvinnuleysi og efla menntun meðal ungs fólks.

Hins vegar er lagt til að veita 300 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs námsmanna vegna þriggja mánaða launa til ungra frumkvöðla þar sem áhersla verður lögð á þjálfun í frumkvöðlamennsku og nýsköpun. Markmiðið er að sporna gegn atvinnuleysi og efla nýsköpun meðal ungs fólks.

## 23 Sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 850 m.kr.

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 750 m.kr. til að greiða því heilbrigðisstarfsfólki sem staðið hefur í framlínunni í baráttunni við COVID-19 faraldurinn sérstaka launaauka í formi eingreiðslu. Mikið hefur mætt á mörgu heilbrigðisstarfsfólki vegna faraldursins sem hefur ekki eingöngu haft í för með sér aukið álag vegna fjölgunar sjúklinga á gjörgæsludeildum heldur hefur starfsfólk víða innan heilbrigðisþjónustunnar mátt búa við aukna smithættu vegna starfsins auk þess sem starfsaðstæður hafa verið meira krefjandi en annars er að öllu jöfnu. Gert er ráð fyrir allt að einn milljarður kr. fari í þessar greiðslur sem dreifast munu á tiltekna starfsmenn á stofnunum á öllum stigum heilbrigðisþjónustunnar. Greiðslurnar verða nánar útfærðar af heilbrigðisráðuneyti og forstöðumönnum viðkomandi heilbrigðisstofnana, en áætlaður fjöldi þess starfsfólks sem gæti fengið þessar sérstöku álagsgreiðslur er um 3.000 sem er sá fjöldi starfsmanna sem hefur þurft að nota sérstakan hlífðarbúning á einhverju stigi auk starfsfólks sem hefur staðið í framlínunni.

### 23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 100 m.kr. vegna einskiptis álagsgreiðslna til starfsfólks heilbrigðisstofnana sem staðið hefur í framlínu í baráttunni við COVID-19 faraldurinn sbr. umfjöllun um sama tilefni við málaflokk 23.10 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*.

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 690 m.kr.

### 24.10 Heilsugæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um samtals 690 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Annars vegar er 150 m.kr. fjárveiting vegna einskiptisálagsgreiðslna til þeirra sem staðið hafa í framlínunni í baráttunni við COVID-19 faraldurinn, sbr. umfjöllun um sama tilefni við málaflokk 23.10 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*.

Hins vegar er lögð til 540 m.kr. fjárheimild til málaflokksins til að stórefla heilsugæsluþjónustu um land allt. Gert er ráð fyrir að verkefnið sem kallast *Heilsuefling í heimabyggð* standi yfir í 12 mánuði og taki til fjölda undirverkefna sem hverju og einu er ætlað

að stuðla að betri geðrækt og andlegu heilbrigði íbúa landsins. Ætlunin er að vakta markvisst heilbrigðisástandið í þjóðfélaginu á meðan á faraldrinum stendur og efnahags- og félagsleg eftirköst hans vara. Með eflingu heilsugæslunnar verður fagmenntuðu starfsfólki hennar fjölgað, s.s. geðlæknum, sálfræðingum og félagsráðgjöfum, og er gert ráð fyrir rúmlega 20 nýjum stöðugildum í tengslum við átakið.

Gert er ráð fyrir að stórum hluta aðgerðanna verði stýrt af Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu en henni er ætlað að leiða faglega þróun og stýra samhæfingu heilsugæslunnar, tryggja samræmd vinnubrögð um land allt og að aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu sé eins jafnt og stöðugt og hægt er. Meðal þess sem henni verður falið er að hafa umsjón með eflingu geðræktar, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum. Einnig verður henni ætlað að innleiða skimun og samhæfða meðferðarnálgun vegna neyslu- og fíknivanda sem má búast við að aukist í samfélaginu í kjölfar þeirrar efnahagslægdar sem hagkerfið siglir nú inn í. Í klíniskum leiðbeiningum er lögð áhersla á að skimun fyrir áfengis-, fíkniefna- og lyfjavanda fari fram í heilsugæslu. Þá mun hún hafa umsjón með gerð fræðsluefnis s.s. um geðheilbrigðismál og neyslu- og fíknivanda, og miðla því rafrænt til viðeigandi heilbrigðisstarfsfólks. Þá verður fjarheilbrigðisþjónusta aukin enn frekar sem og samhæfing og samræming þjónustu heilsugæslu á landsvísi með því að taka upp og/eða auka fjarviðtöl og aðra fjarþjónustu við skjólstaðinga. Verkefnið er nú þegar komið í gang en það er hluti af byggðaaátlun undir aðgerðinni *efling fjarheilbrigðisþjónustu í dreifbýli*.

## 29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.000 m.kr.

### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.000 m.kr. sem skýrist af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 200 m.kr. fjárveitingu til að mæta breyttum aðstæðum hjá foreldum eða umönnunaraðilum langveikra og/eða fatlaðra barna. Fjárveitingunni er ætlað að koma til móts við þau sem þurfa að sinna aukinni umönnun þar sem ytri úrræði liggja niðri vegna COVID-19. Á þetta meðal annars við í þeim tilvikum þar sem börn hafa ekki getað sótt skóla og dagvistun vegna faraldursins og embætti landlæknis hefur skilgreint viðkomandi barn í áhættuhópi fyrir alvarlegri sýkingu vegna COVID-19.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 600 m.kr. fjárveitingu til að veita tímabundinn stuðning til lágtekjuheimila til að tryggja jöfn tækifæri barna til íþróttar- og tómstundastarfs í sumar. Rannsóknir sýna að þátttaka í slíku starfi hefur forvarnagildi fyrir börn og stuðlar að andlegum og líkamlegum þroska þeirra auk þess að vera mikilvægur vettvangur félagslegra tengsla sem geta verið börnum vörn á umróstínum. Ábendingar hafa borist um að þegar þrengir að fjárhag fjölskyldna sé mikil hætta á að dragi úr þátttöku barna í íþróttar- og tómstundastarfi. Ætla má að hópurinn sem er í hættu á að heltast úr tómstundastarfi sé um 8.000 börn. Með aukningu í fjölda þeirra sem þurfa atvinnuleysisbætur má áætla að þessi tala verði töluvert hærri eða um 12.000 börn. Því er lagt til viðbótarframlag vegna tómstundastarfs barna sem nemur 50 þús.kr. á barn, samtals 600 m.kr., til fjölskyldna þar sem samanlagðar atvinnutekjur, atvinnuleysisbætur og örorkulífeyrir foreldra á heimili er lægri en 740 þús.kr. á mánuði, sem er rúmlega tvöföld lágmarkstekjutrygging á almennum markaði. Þannig er tryggt að úrræðið

beinist að börnum foreldra í lágtekjustörfum eða með lægri tekjur en ella vegna atvinnumissis eða hlutaatvinnuleysisbóta en nýtist jafnframt börnum á heimilum einstæðra foreldra og börnum öryrkja. Í nýlegri skýrslu Velferðarvaktarinnar kom fram að þau börn eru líklegust til að búa við fátækt og fjárhagsþrengingar. Gert er ráð fyrir að framkvæmd úrræðisins verði á höndum sveitarfélaga og að fjölskyldur sæki um aukinn stuðning til félagsþjónustu þeirra, en ríkið endurgreiði þeim kostnaðinn sem verður til vegna úrræðisins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 145 m.kr. fjárveitingu til að fara í markvissar aðgerðir gegn heimilisofbeldi og að tryggja fullnægjandi hjálp og stuðning fyrir þolendur. Reynslan sýnir að heimilisofbeldi eykst í efnahagsþrengingum. Aðgerðahópur með fulltrúum helstu hagsmunaaðila mun stýra vinnu við útfærslu þessara aðgerða. Hluti af fjárveitingunni er 3 m.kr. framlag til að koma vitundarvakningunni *Þú átt von* á vegum Jafnréttisstofu strax í aukna dreifingu.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir 55 m.kr. fjárveitingu til aðgerða sem beinast eiga gegn ofbeldi á börnum, þjónustu fyrir þau og ráðgjöf fyrir gerendur sem til dæmis telja sig vera í hættu á að beita ofbeldi. Þar verður meðal annars farið í áframhaldandi vitundarvakningu um ofbeldi gegn börnum. Áhersla verður lögð á að kynna samskipta- og boðleiðir, s.s. Hjálparsímann 1717 og netsþjall, til að koma á framfæri áhyggjum af aðstæðum barna auk þess sem birtar verða auglýsingar þar sem börnum er bent á hvert þau geti leitað hjálpar í samvinnu við helstu aðila. Stuðningur við frjáls félagasamtök sem sinna málefnum sem og Barnahús verður eflað en Í ljósi reynslu landa í kringum okkur má búast við auknu ofbeldi á heimilum og gegn börnum. Sem stendur er biðlisti í viðtöl í barnahús og því brýnt að auka við fjárveitingar og tryggja þannig hraða málsmeðferð.

## 30 Vinnumál og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 4.200 m.kr.

### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um samtals 4.200 m.kr. og skýrist það af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 2.200 m.kr. til sérstaks átaks til að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn 18 ára og eldri á komandi sumri sem eiga engan eða takmarkaðan rétt til atvinnuleysisbóta. Vinnumálastofnun og félagsmálaráðuneytið munu stýra áttakinu sem efnt er til í samvinnu við stofnanir ríkisins og sveitarfélög. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt að veita styrki úr sjóðnum sem nema að hámarki grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta fyrir hvern einstakling auk 11% iðgjalds í lífeyrissjóð. Fyrir hvern einstakling greiðir Vinnumálastofnun til sveitarfélags eða opinberrar stofnunar rúmar 316 þús.kr. fyrir hvern mánuð. Stofnun eða sveitarfélag verður að tryggja að öllum starfsmönnum verði greidd laun samkvæmt kjarasamningum. Félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun munu hvetja stofnanir ríkisins og sveitarfélög til að hefja undirbúning þessa átaks og móta störf og verkefni sem fallið geta að því. Vonir standa til að með áttakinu verði til 3.000 tímabundin störf í sumar fyrir námsmenn hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum. Búast má við að fjölbreytt sumarstörf bjóðist við umönnun, rannsóknir og frágangsverkefni af ýmsu tagi en jafnframt að stór hluti starfanna verði á sviði umhverfisverndar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að veita 2.000 m.kr. í formi aukafjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að efna til átaks í náms- og starfsúrræðum fyrir



atvinnuleitendur í sumar og næsta vetur. Afar brýn þörf er á því að bregðast við aðstæðum þeirra þúsunda einstaklinga sem nú eru atvinnulausir og eru að nýta sér rétt sinn til greiðslu atvinnuleysisbóta. Nýta þarf tímann til að viðhalda vinnufærni þessara einstaklinga eða byggja upp nýja til að mæta nýjum aðstæðum þegar atvinnuástand batnar. Enn er nokkuð óljóst hversu margir þeirra sem nú eru atvinnulausir verði langtímaatvinnuleysi að bráð þegar líður á árið en langtímaatvinnuleysi telst vera atvinnuleysi sem varir lengur en í 6–12 mánuði. Spár benda til þess að í ágúst mánuði verði um 17.000 manns á atvinnuleysissskrá og um 6.000 manns hafi náð því óæskilega tímamarki að teljast langtímaatvinnulaus. Þetta verður helsti markhópur átaksins en þeir sem skemur hafa verið í atvinnuleit þurfa einnig stuðning til fræðslu og þjálfunar sem unnin verður í samstarfi við fræðslusjóði stéttarfélaganna. Áætlað er að sú fjárhæð sem ráðstafa á til þessa úrræðis geti stutt við og stuðlað að virkri atvinnuleit með námi og þjálfun um 15.000 manns á árinu, sé miðað við að um 130 þús.kr. séu til ráðstöfunar fyrir hvern einstakling. Fjárveitingunni er ætlað að kosta náms- og þjálfunarúrræði innan hins hefðbundna menntakerfis, innan framhaldsfræðslunnar, hjá almennum fræðsluaðilum og öðrum þjónustuaðilum, allt eftir framboði og þörfum. Átakið verður unnið í samvinnu félagsmálaráðuneytis og Vinnumálastofnunar og menntamála- og menningarmálaráðuneytis. Ráðherrar viðkomandi ráðuneyta hafa skipað samhæfingarhóp fjölmargra hagsmunaaðila sem skal skoða stöðu námsmanna og atvinnuleitenda og gera tillögur að starfs- og menntaúrræðum sem mæta þörfum þessara hópa. Verkefni hópsins verður meðal annars að skilgreina þær atvinnugreinar sem verst verða úti og hvernig megi mæta því með fjölbreyttu og víðeigandi námi og þjálfun. Hópurinn skal einnig kortleggja námsframboð og námsþjónustu sem nú er í boði innan framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu, hvernig þau nýtast til að mæta breyttum aðstæðum og hvernig megi auka aðgengi að kynningu og ráðgjöf um nám og störf auk þess að leggja mat á hvar sérstakra námsaðgerða er þörf m.t.t. aldurs, uppruna, búsetu og efnahags. Eins skal skoða hvernig megi tryggja og útfæra réttarstöðu einstaklinga, s.s. til atvinnuleysisbóta samhliða námi og töku námslána þar sem horft er til jafnræðissjónarmiða, og meta stöðu námsmanna og atvinnuleitenda m.t.t. sumarstarfa.

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 450 m.kr.

### 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um samtals 450 m.kr. til að efla félagsleg úrræði og tryggja stuðning við viðkvæma hópa. Markmiðið er að vinna gegn félagslegri einangrun aldraðra, efla félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara og öryrkja, auka félagslegan stuðning fyrir fjölskyldur á landsvísi með sérstaka áherslu á stuðning við fjölskyldur fatlaðra barna, styrkja starf landshlutateyma fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra og að styrkja stöðu barna af erlendum uppruna. Jafnframt verði settur aukinn kraftur í að upplýsingar um COVID-19 og mikilvæga þjónustu sem er í boði verði aðgengilegar öllum, óháð uppruna og öðrum þáttum, t.d. fötlun. Félagsmálaráðuneytið mun útfæra frekari tillögur í samvinnu við fulltrúa hagsmunaaðila, sérfræðinga og fleiri.

## **34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir**

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 2.500 m.kr.

### **34.20 Sértækar fjárráðstafanir**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 2.500 m.kr. til að fjármagna lokunarstyrki til þeirra rekstraraðila sem tímabundið var gert skylt að loka atvinnustarfsemi sinni vegna opinberra tilmæla um lokun samkomustaða eða láta af starfsemi og þjónustu vegna sérstakrar smithættu og urðu af þeim sökum af verulegum tekjum, sbr. auglýsingu um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 243/2020, með síðari breytingum. Lokunarstyrkir þessir eru liður í því að bæta að hluta það tekjutap sem þessir rekstraraðilar hafa orðið fyrir en talið er að þessi hópur samanstandi af um 2.000 aðilum. Fjárhæð lokunarstyrksins skal vera jafnhá rekstrarkostnaði á tímabilinu 24. mars til 3. maí 2020. Lokunarstyrkurinn getur þó ekki orðið hærri en 800 þús.kr. á hvern launamann sem starfaði hjá umsækjanda í febrúar 2020, þó að hámarki 2,4 m.kr. á hvern rekstraraðila.

# Fylgirit með frumvarpi til fjáráukalaga

fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020.

---

## Efnisyfirlit

### Yfirlit

Inngangur .....	3
1. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu .....	4
2. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum .....	7
3. Fjárveitingar eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum .....	10



## Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til fjáraukalaga eru fjárheimildir A-hluta ríkissjóðs sundurgreindar eftir málefnasviðum og málaflokkum. Skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs birtist í fylgiriti sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpinu og fjáraukalagafrumvarpi. Þetta fylgirit er frábrugðið fylgiriti fjárlagafrumvarpsins og fjárlaga að því leyti að hér er ekki sýnd sundurliðun á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga og ekki forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönum og reglum. Í fylgiritinu er einungis sýnd nánari skipting fjárveitinga til stofnana og verkefna til samræmis við tillögur að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu. Yfirlit 2 sýnir fjárheimildir fjárlaga fyrir árið 2020 að viðbættum áður samþykktum fjáraukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020.

Efni fylgiritisins er í þremur yfirlitum og er sem hér segir:

- Skipting á breytingum á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka samkvæmt frumvarpinu í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A-hluta eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.

Yfirlit 1

Skipting fjárheimilda skv. frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2020 í fjárvetingar til ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs og verkefna og í varasjóði málaflokka eftir hagrænni skiptingu

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	0,0	1.250,0	500,0	0,0	1.750,0	0,0	1.750,0
07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum .....	0,0	0,0	500,0	0,0	500,0	0,0	500,0
04-431 Matvælasjóður .....	0,0	0,0	500,0	0,0	500,0	0,0	500,0
661 Matvælasjóður .....	0,0	0,0	500,0	0,0	500,0	0,0	500,0
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar .....	0,0	1.250,0	0,0	0,0	1.250,0	0,0	1.250,0
04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun .....	0,0	1.250,0	0,0	0,0	1.250,0	0,0	1.250,0
197 Nýsköpun og atvinnuþróun, ýmis framlög .....	0,0	1.250,0	0,0	0,0	1.250,0	0,0	1.250,0
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	25,0	380,0	0,0	0,0	405,0	0,0	405,0
08.10 Framlög til sveitarfélaga .....	25,0	100,0	0,0	0,0	125,0	0,0	125,0
10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	25,0	100,0	0,0	0,0	125,0	0,0	125,0
110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög .....	25,0	100,0	0,0	0,0	125,0	0,0	125,0
08.20 Byggðamál .....	0,0	280,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
10-701 Byggðáætlun og sóknaráætlanir landshluta .....	0,0	280,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
110 Byggðáætlun .....	0,0	280,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
09 Almanna- og réttaröryggi .....	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0	0,0	15,0
09.10 Löggesla .....	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0	0,0	15,0
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál .....	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0	0,0	15,0
110 Ýmis löggæslukostnaður .....	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0	0,0	15,0
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....	0,0	250,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
18.30 Menningarsjóðir .....	0,0	250,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
02-978 Launasjóðir listamanna .....	0,0	250,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
101 Launasjóðir listamanna .....	0,0	250,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
20 Framhaldskólastíg .....	250,0	50,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
20.10 Framhaldsskólar .....	250,0	50,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta .....	250,0	50,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
110 Sameiginleg verkefni og þjónusta .....	250,0	50,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
21 Háskólastíg .....	500,0	300,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi .....	500,0	300,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi .....	500,0	300,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
110 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi .....	500,0	300,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
23 Sjúkrahúspjónusta .....	850,0	0,0	0,0	0,0	850,0	0,0	850,0
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta .....	750,0	0,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
08-379 Sjúkrahús, óskipt .....	750,0	0,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
101 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa .....	750,0	0,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta .....	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
08-700 Heilbrigðisstofnanir .....	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
101 Almennur rekstur .....	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	690,0	0,0	0,0	0,0	690,0	0,0	690,0
24.10 Heilsugæsla .....	690,0	0,0	0,0	0,0	690,0	0,0	690,0
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt .....	690,0	0,0	0,0	0,0	690,0	0,0	690,0
110 Heilsugæslustöðvar, almennt .....	690,0	0,0	0,0	0,0	690,0	0,0	690,0
29 Fjölskyldumál .....	800,0	200,0	0,0	0,0	1.000,0	0,0	1.000,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn .....	800,0	200,0	0,0	0,0	1.000,0	0,0	1.000,0
07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
115 Umönnunargreiðslur .....	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi .....	800,0	0,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni .....	800,0	0,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
30 Vinnuarkæður og atvinnuleysi .....	0,0	4.200,0	0,0	0,0	4.200,0	0,0	4.200,0
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi .....	0,0	4.200,0	0,0	0,0	4.200,0	0,0	4.200,0
07-984 Atvinnuleysisstryggingasjóður .....	0,0	4.200,0	0,0	0,0	4.200,0	0,0	4.200,0
135 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði .....	0,0	4.200,0	0,0	0,0	4.200,0	0,0	4.200,0
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	450,0	0,0	0,0	0,0	450,0	0,0	450,0
32.40 Stjórnsýsla félagsmála .....	450,0	0,0	0,0	0,0	450,0	0,0	450,0
07-190 Ýmis verkefni .....	450,0	0,0	0,0	0,0	450,0	0,0	450,0
198 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis .....	450,0	0,0	0,0	0,0	450,0	0,0	450,0
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0,0	2.500,0	0,0	0,0	2.500,0	0,0	2.500,0
34.20 Sértækar fjárráðstafanir .....	0,0	2.500,0	0,0	0,0	2.500,0	0,0	2.500,0
09-990 Ríkissjórnarúakvarðanir .....	0,0	2.500,0	0,0	0,0	2.500,0	0,0	2.500,0
110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkissjórnarinnar .....	0,0	2.500,0	0,0	0,0	2.500,0	0,0	2.500,0
<b>Samtals .....</b>	<b>3.580,0</b>	<b>9.130,0</b>	<b>500,0</b>	<b>0,0</b>	<b>13.210,0</b>	<b>0,0</b>	<b>13.210,0</b>



Yfirlit 2

Sundurlíðun fjárveitinga skv. frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2020 til ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs eftir málaflokkum og ráðuneytum<sup>1</sup>

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2020 <sup>2</sup>	Heimildir 2020 <sup>3</sup>	br. frá fjárlögum m.kr.	br. frá fjárlögum %
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.....	15.926,9	17.676,9	1.750,0	11,0
07.10 Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknum.....	8.893,0	9.393,0	500,0	5,6
04-431 Matvælasjóður.....	396,5	896,5	500,0	126,1
661 Matvælasjóður.....	356,6	856,6	500,0	140,2
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....	7.033,9	8.283,9	1.250,0	17,8
04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun.....	328,9	1.578,9	1.250,0	380,1
197 Nýsköpun og atvinnuþróun, ýmis framlög.....	215,1	1.465,1	1.250,0	581,1
08 Sveitarfélög og byggðamál.....	23.419,6	23.824,6	405,0	1,7
08.10 Framlög til sveitarfélaga.....	21.339,7	21.464,7	125,0	0,6
10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.....	21.121,2	21.246,2	125,0	0,6
110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.....	21.121,2	21.246,2	125,0	0,6
08.20 Byggðamál.....	2.079,9	2.359,9	280,0	13,5
10-701 Byggðáætlun og sóknaráætlunir landshluta.....	1.135,5	1.415,5	280,0	24,7
110 Byggðáætlun.....	643,1	923,1	280,0	43,5
09 Almanna- og réttarvryggi.....	30.520,1	30.535,1	15,0	0,0
09.10 Lögssla.....	17.110,7	17.125,7	15,0	0,1
06-390 Ýmis löggeslu- og tryggingismál.....	583,1	598,1	15,0	2,6
110 Ýmis löggesluskostnaður.....	88,1	103,1	15,0	17,0
18 Menning, listir, íþróttir og atskulýsmál.....	16.158,4	16.408,4	250,0	1,5
18.30 Menningarsjóðir.....	4.851,2	5.101,2	250,0	5,2
02-978 Launarsjóðir listamanna.....	680,6	930,6	250,0	36,7
101 Launarsjóðir listamanna.....	680,6	930,6	250,0	36,7
20 Framhaldsskólastöð.....	36.303,4	36.603,4	300,0	0,8
20.10 Framhaldsskólar.....	34.903,1	35.203,1	300,0	0,9
02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta.....	1.328,9	1.628,9	300,0	22,6
110 Sameiginleg verkefni og þjónusta.....	1.328,9	1.628,9	300,0	22,6

21 Háskólastíggj.....	45.275,2	46.075,2	800,0	1,8
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi.....	41.117,4	41.917,4	800,0	1,9
02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi.....	721,8	1.521,8	800,0	110,8
110 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi.....	721,8	1.521,8	800,0	110,8
23 Sjúkrahúsjónusta.....	106.411,1	107.261,1	850,0	0,8
23.10 Sérhæft sjúkrahúsjónusta.....	92.895,3	93.645,3	750,0	0,8
08-379 Sjúkrahús, óskipt.....	2.059,4	2.809,4	750,0	36,4
101 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.....	1.842,7	2.592,7	750,0	40,7
23.20 Almenn sjúkrahúsjónusta.....	10.805,9	10.905,9	100,0	0,9
08-700 Heilbrigðisstofnanir.....	894,2	994,2	100,0	11,2
101 Almennur rekstur.....	331,7	431,7	100,0	30,1
24 Heilbrigðisjónusta utan sjúkrahúsa.....	56.986,2	57.676,2	690,0	1,2
24.10 Heilsugæsla.....	30.160,5	30.850,5	690,0	2,3
08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt.....	1.970,6	2.660,6	690,0	35,0
110 Heilsugæslustöðvar, almennt.....	1.939,7	2.629,7	690,0	35,6
29 Fjölskyldumál.....	45.460,6	46.460,6	1.000,0	2,2
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.....	8.575,4	9.575,4	1.000,0	11,7
07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.....	2.808,0	3.008,0	200,0	7,1
115 Umönnunargreiðslur.....	2.808,0	3.008,0	200,0	7,1
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.....	2.082,9	2.882,9	800,0	38,4
121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni.....	700,3	1.500,3	800,0	114,2
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.....	36.516,2	40.716,2	4.200,0	11,5
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi.....	34.941,1	39.141,1	4.200,0	12,0
07-984 Atvinnuleysisþryggingasjóður.....	28.037,8	32.237,8	4.200,0	15,0
135 Námskeiðabætur, áttaksverkefni og önnur úrræði.....	480,0	4.680,0	4.200,0	875,0
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála.....	11.392,1	11.842,1	450,0	4,0
32.40 Stjórnsýsla félagsmála.....	3.476,0	3.926,0	450,0	12,9
07-190 Ýmis verkefni.....	359,3	809,3	450,0	125,2
198 Ýmis framlög félagsmálaráðuneytis.....	104,1	554,1	450,0	432,3

∞

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.....	46.251,2	48.751,2	2.500,0	5,4
34.20 Sértækar fjárráðstafanir.....	18.411,5	20.911,5	2.500,0	13,6
09-990 Ríkissjófnarátkvæðanir.....	167,5	2.667,5	2.500,0	1492,5
110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkissjórnarmannar.....	167,5	2.667,5	2.500,0	1492,5
<b>Samtals.....</b>	<b>1.029.763,6</b>	<b>1.042.973,6</b>	<b>13.210,0</b>	<b>1,3</b>

<sup>1</sup> Í töflunni eru settar fram þær fjárveitingar sem breytast með frumvarpi til fjárukalaga 2020. Þannig miðast samtölur málefna sviða og málaflökka við sviðið og flokkinn í heild sinni þó svo að einungis séu sýndir liðir og viðföng sem taka breytingum með fjárukalögum.

<sup>2</sup> Fjárlög að viðbættum áður samþykktum fjárukalögum fyrir árið 2020, sbr. lög nr. 26/2020.

<sup>3</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum, sbr. frumvarp þetta

Yfirlit 3

Sundurliðun fjárfveitinga skv. frumvarpi til fjárfestinga árið 2020 til ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrarframlög	Rekstrarframlög	Fjármagnstilfærslur	Fjárfestingarframlög	Heildarfjárheimild	Rekstrartekjur	Framlag úr ríkissjóði
<b>02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti</b> .....	<b>750,0</b>	<b>600,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.350,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.350,0</b>
02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfssemi .....	500,0	300,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta .....	250,0	50,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
02-978 Launasjóðir listanna .....	0,0	250,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
<b>04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti</b> .....	<b>0,0</b>	<b>1.250,0</b>	<b>500,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.750,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.750,0</b>
04-431 Matvælasjóður .....	0,0	0,0	500,0	0,0	500,0	0,0	500,0
04-528 Nýsköpun og atvinnuþróun .....	0,0	1.250,0	0,0	0,0	1.250,0	0,0	1.250,0
<b>06 Dómsmálaráðuneyti</b> .....	<b>15,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>15,0</b>	<b>0,0</b>	<b>15,0</b>
06-390 Ýmis löggæslu- og öryggismál .....	15,0	0,0	0,0	0,0	15,0	0,0	15,0
<b>07 Félagsmálaráðuneyti</b> .....	<b>1.250,0</b>	<b>4.400,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>5.650,0</b>	<b>0,0</b>	<b>5.650,0</b>
07-190 Ýmis verkefni .....	450,0	0,0	0,0	0,0	450,0	0,0	450,0
07-825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
07-984 Atvinnuleysisstryggingasjóður .....	0,0	4.200,0	0,0	0,0	4.200,0	0,0	4.200,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi .....	800,0	0,0	0,0	0,0	800,0	0,0	800,0
<b>08 Heilbrigðisráðuneyti</b> .....	<b>1.540,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.540,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.540,0</b>
08-379 Sjúkrahús, óskipt .....	750,0	0,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
08-500 Heilsgæslustöðvar, almennt .....	690,0	0,0	0,0	0,0	690,0	0,0	690,0
08-700 Heilbrigðisstofnanir .....	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
<b>09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti</b> .....	<b>0,0</b>	<b>2.500,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2.500,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2.500,0</b>
09-990 Ríkissjófnarákvarðanir .....	0,0	2.500,0	0,0	0,0	2.500,0	0,0	2.500,0
<b>10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti</b> .....	<b>25,0</b>	<b>380,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>405,0</b>	<b>0,0</b>	<b>405,0</b>
10-701 Byggingaætlun og sóknaráætlanir landshluta .....	0,0	280,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	25,0	100,0	0,0	0,0	125,0	0,0	125,0
<b>Samtals</b> .....	<b>3.580,0</b>	<b>9.130,0</b>	<b>500,0</b>	<b>0,0</b>	<b>13.210,0</b>	<b>0,0</b>	<b>13.210,0</b>